

Ályktun um breytingu á 3. málsgrein 4.gr samþykkt FV

70. Fjórðungsþing að hausti haldið í Hnífsdal 16.-17. september 2025 leggur til að tillögu stjórnar að breyttu atkvæðavægi verði vísað til frekari vinnslu, útfærslu og umræðu í millipinganefnd, sem skipuð yrði fulltrúum allra sveitarfélaga, sem myndi fjalla heildstætt um atkvæðavægi á Fjórðungsþingum. Nefndin skili tillögu að breyttu fyrirkomulagi á næsta þingi.

Upprunaleg tillaga samkvæmt þingskjali 6

Tillaga að breytingu á 3. málsgrein 4. gr samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga (síðast breytt 19. október 2024).

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skiptist í 2700 grunnatkvæði og fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði við grunnatkvæði eins og íbúatala sveitarfélagsins stendur þann 1. janúar ár hvert, samkvæmt tilkynningu Hagstofu.

Við sameiningu sveitarfélaga leggst fjöldi grunnatkvæða hinna sameinuðu sveitarfélaga saman og fylgir hinu nýja sveitarfélagi.

Grunnatkvæði sveitarfélaga þann 1. janúar 2025 skiptist sem hér segir;

<i>Reykholahreppur</i>	<i>300</i>
<i>Vesturbyggð</i>	<i>600</i>
<i>Bolungarvík</i>	<i>300</i>
<i>Ísafjarðarbær</i>	<i>300</i>
<i>Súðavíkurhreppur</i>	<i>300</i>
<i>Árneshreppur</i>	<i>300</i>
<i>Kaldrananeshreppur</i>	<i>300</i>
<i>Strandabyggð</i>	<i>300</i>

Greinargerð.

Tillaga lögð fram samkvæmt samþykkt 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori á grundvelli ályktunar Vesturbyggðar..

Núverandi 3. málsgrein 5. greinar samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.